

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2015

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2015 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Vakin er sérstök athygli á að nauðasamningar þrotabúa innlánsstofnana í slitameðferð voru endanlega staðfestir á ársfjórðungnum. Áhrif þessa á erlenda stöðu þjóðarbúsins voru mikil. Áhrif á viðskiptajöfnuð munu aftur á móti ekki koma fram að fullu fyrr en á fyrsta ársfjórðungi árið 2016 þar sem nauðasamningarnir voru ekki staðfestir fyrr en undir lok ársfjórðungsins. Nánar er fjallað um áhrif uppgjors innlánsstofnana í slitameðferð hér að neðan.

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 8 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 50,2 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nam 14,2 ma.kr. en þjónustujöfnuður² mældist hagstæður um 21,2 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var hagstæður um 7,6 ma.kr. en rekstrarframlög óhagstæð um 6,7 ma.kr. Áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á frumþáttatekjur voru jákvæð um sem nam 1,5 ma.kr. en reiknuð gjöld þeirra námu 8,8 ma.kr. og tekjur 10,3 ma.kr. Þáttatekjur án áhrifa þeirra voru því hagstæðar um 6,1 ma.kr. og viðskiptajöfnuður um 5,3 ma.kr.

Uppgjör þrotabúa innlánsstofnana í slitameðferð

Haustið 2008 voru þrotabú stærstu banka landsins tekin til slitameðferðar og félögin sett undir skilanefndir. Skuldir þeirra hafa haft mikil áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins allar götur síðan. Í desember síðastliðnum lágu fyrir bindandi nauðasamningar við kröfuhafa slita-búanna. Samningarnir kveða á um greiðslur til kröfuhafa í formi reiðufjár en einnig verða gefin út skulda- og hlutabréf í félögunum sem afhent verða kröfuhöfunum.

Samtals nema greiðslur til kröfuhafa 1.904 ma.kr. en afskrift skulda 7.134 ma.kr. Aðeins hluti greiðslanna, eða sem nam um 462 ma.kr., kom til framkvæmda á fjórða ársfjórðungi. Eftir standa því 1.442

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

² <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/utanrikisverslun/thjonustuvideoskipti-vid-utlond-4-arsfjorjungur-2015-bradabirgdatolur/>

ma.kr.³ sem síðar verða greiddar til kröfuhafa í formi reiðufjár eða með afhendingu skulda- og hlutabréfa félaganna.

Frá og með þessari birtingu verður sérbirting á erlendri stöðu þjóðarbúsins með og án innlánsstofnana í slitameðferð hætt. Tölur um innlánsstofnanir í slitameðferð fyrir tímabilið frá fjórða ársfjórðungi 2008 til þriðja ársfjórðungs 2015 verða áfram aðgengilegar sem hluti af tímaröð sögulegra gagna á heimasíðu Seðlabankans. Birting á sérstakri greiningu undirliggjandi erlendar stöðu þjóðarbúsins hefur jafnframt verið aflögð. Samhliða samþykkt nauðasamninganna í desember var félagiformi félaganna breytt í eignarhaldsfélög. Framvegis munu þau því teljast til annarra fjármálafyrirtækja í hagtölunum.

Erlend staða þjóðarbúsins

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.785 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 5.101 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 316 ma.kr. eða sem nemur 14,4% af VLF. Nettóskuldir lækkuðu um 7.196 ma.kr. eða sem nemur 328,6% af VLF á milli ársfjórðunga. Í töflu 2 er rakin þróun helstu eigna- og skuldaliða á ársfjórðungnum og eru breytingar sundurgreindar í viðskipti í fjármagnsjöfnuði, gengis- og verðbreytingar og aðrar breytingar. Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 33 ma.kr. bættrar erlendar stöðu. Þar af lækkuðu erlendar eignir um 448 ma.kr. og skuldir um 486 ma.kr. vegna viðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins sem nam 7.163 ma.kr. á ársfjórðungnum en þar af voru 7.134 ma.kr. vegna afskrifta skulda innlánsstofnanna í slitameðferð. Gengis- og verðbreytingar, aðrar en vegna afskrift skulda, námu 29 ma.kr. Munar þar mestu um hækkun á erlendri hlutabréfaeign en verð erlendra hlutabréfa hækkaði um 5% að meðaltali á ársfjórðungnum. Gengi krónunnar lækkaði gagnvart helstu gjaldmiðlum, utan Bandaríkjadals, á fjórða ársfjórðungi eða að jafnaði um 0,6% samkvæmt gengisskráningarvog. Gengið lækkaði þannig um 1% gagnvart evru, 0,8% gagnvart sterlingspundi en hækkaði um 1,8% gagnvart Bandaríkjadal.

³ Í lok ársfjórðungsins er fjárhæðin flokkuð undir liðinn „aðrar skuldir ót.a.“ en sá hluti hennar sem verður afhentur kröfuhöfum í formi skulda- og hlutabréfa mun síðar færast undir viðeigandi liði.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2014. IV</u>	<u>2015. I</u>	<u>2015. II</u>	<u>2015. III</u>	<u>2015. IV</u>
Viðskiptajöfnuður	27,6	7,9	27,6	50,2	8,0
Vöruskiptajöfnuður	15,4	3,5	-12,6	-12,2	-14,2
Þjónustujöfnuður	11,0	20,7	58,7	90,1	21,2
Jöfnuður frumpáttatekna	5,5	-11,9	-13,7	-2,4	7,6
Rekstrarframlög, nettó	-4,3	-4,4	-4,7	-25,2	-6,7
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,4	-0,3	-0,4	-0,4
Fjármagnsjöfnuður	55,6	5,0	78,9	53,0	32,7
Bein fjárfesting	14,1	-126,9	59,4	-1,0	7,2
Verðbréf	-65,4	-46,7	15,3	-68,0	607,7
Afleiður	-0,5	-2,7	0,0	5,0	-0,1
Önnur fjárfesting	130,5	123,2	-31,4	111,9	-649,9
Gjaldeyrisforði	-23,0	58,1	35,7	5,2	67,8
Skekkjur og vantalið, nettó	28,5	-2,5	51,6	3,2	25,2

Liðir til skýringar:

Viðskiptajöfnuður án

áhrifa gömlu bankanna	34,9	15,4	32,7	54,7	5,3
------------------------------	-------------	-------------	-------------	-------------	------------

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q3 2015	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q4 2015
Erlendar eignir, alls	5.207	-444	43	-21	4.785
Bein fjárfesting	1.974	32	9	-18	1.997
Verðbréf	1.170	-289	44	-6	920
Afleiður*	12	0	-1	0	10
Önnur fjárfesting	1.464	-255	-4	-1	1.204
Gjaldeyrisforði	587	68	-5	3	653
Erlendar skuldir, alls	12.719	-477	-7.125	-17	5.101
Bein fjárfesting	2.005	25	6	-15	2.020
Verðbréf	5.921	-896	-4.053	2	975
Afleiður*	14	0	0	0	14
Önnur fjárfesting	4.779	395	-3.078	-4	2.092
Hrein staða við útlönd	-7.512	33	7.168	-5	-316
Hrein staða við útlönd, % af VLF	-343,0%	1,5%	327,3%	-0,2%	-14,4%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasíðu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.